

**Aðalfundur Menningarráðs Norðurlands vestra,
haldinn í Menningarhúsinu Miðgarði, Skagafirði,
föstudaginn 21. ágúst 2009, kl. 09.15.**

Formaður Guðrún Helgadóttir setti fund og bauð þingfulltrúa velkomna. Tilnefndi hún Sigurð Árnason fundarstjóra og Jón Óskar Pétursson fundarritara. Tillagan samþykkt samhljóða. Fundarstjóri tók því næst við fundarstjórn og gengið var til dagskrár.

- 1. Skýrsla Menningarráðs Norðurlands vestra 2008.** Guðrún Helgadóttir formaður fór yfir helstu þætti í starfsemi ráðsins á starfsárinu. Helstu verkefni ráðsins árið 2008 voru auglýsing og úthlutun styrkja úr menningarsjóði, úthlutanir voru tvær og alls veittur 101 verkefnastyrkur að upphæð 37.350 þús. kr. Áherslur ársins voru sem fyrr á aukið samstarf í menningarmálum innan svæðis, efling atvinnustarfsemi, nýsköpun í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu og þátttaka ungs fólks og eldri borgara í menningarstarfi. Auk framlags ríkis og sveitarfélaga var gerður samningur við RARIK um 1 milljón króna framlag 2008 og 2009.

Þá sinnti ráðið einnig skyldum sínum við að stuðla að umræðu og fræðslu um menningarmál. Menningarráð Norðurlands vestra og Ferðamáladeild Hólaskóla stóðu fyrir ráðstefnu um menningartengda ferðaþjónustu þann 5. apríl 2008. Þá skipulagði ráðið í samstarfi við Vaxtarsamning Norðurlands vestra málþing um sagnaarfinn og ferðaþjónustuna á Norðurlandi vestra þann 15. október 2008. Undirritaður var samstarfssamningur við Feyki, svæðisfréttablað Norðurlands vestra, um markvissa kynningu og umfjöllun um menningarmál á síðum blaðsins. Einnig kom ráðið að skiplagningu ráðstefnunnar Menningarlandið sem haldin var í Stykkishólmi í 11.-12. maí 2009.

Fram kom í máli formanns að hún teldi að menningin og blómlegt menningarstarf ætti meira erindi við landsmenn nú en áður í ljósi efnahagþrenginganna. Afar nauðsynlegt væri að viðhalda því góða samstafi sem tekist hafi með sveitarfélögum, ríki og menningargeiranum á vettvangi menningarsamninga og því væri brýnt að þeir yrðu endurnýjaðir.

Þá færði formaður þakkir til félaga sinna í menningarráði og menningarfulltrúa fyrir gott samstarf á starfsárinu.

- 2. Ársreikningur Menningarráðs Norðurlands vestra 2008 og Fjárhagsáætlun Menningarráðs Norðurlands vestra 2009:** Ingibergur Guðmundsson, menningarfulltrúi skýrði ársreikning ráðsins fyrir árið 2008. Rekstrartekjur námu 39.826.459 kr. Rekstrargjöld námu 46.338.882 kr. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu 2.987.312 kr. Rekstrartap nam 3.525.111 kr. Gjaldfærðir styrkir námu á árinu 34.800.000 kr.
- Þá skýrði menningarfulltrúi helstu þætti í fjárhagsáætlun ársins 2009. Ársreikningur Menningarráðs árið 2008 og fjárhagsáætlun ársins 2010 voru bornar upp og samþykktar samhljóða.

Fundarstjóri las upp kjörbréf.

Mættir voru 8 kjörgengir fulltrúar af 30. Fundurinn telst löglegur þar sem löglega var til hans boðað skv. samþykktum Menningarráðs Norðurlands vestra.

- 3. Ákvörðun um þóknun til fulltrúa í menningarráðinu fyrir árið 2009.** Formaður bar upp tillögu að þóknun til fulltrúa í menningarráði fyrir árið 2009 væri óbreytt frá fyrra ári, eða kr 12.500 pr. setinn fund fyrir almenna fulltrúa og kr 18.750 fyrir formann.
- Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

- 4. Önnur mál.** Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið og var fundi slitið.

Jón Óskar Pétursson, fundarritari.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.